

Fundargerð háskólaráðs 24. maí 2018

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir verkefnastjóri nemendaskrár og fulltrúi starfsmanna, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Einar Svansson fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Jóhannes Geir Guðnason fulltrúi grunnema og Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema.

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Signý Óskarsdóttir gæðastjóri.

Fjarverandi: Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi háskólagáttarnema, Teitur Erlingsson fulltrúi grunnema, og Íris Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi íbúaráðs

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Fjármál, eignasala, breytingar á húsnæðisnotkun

Fjármálastjóri upplýsir að 34 millj. kr. hagnaður var árið 2017, regluleg starfsemi skilaði 11 milljónum kr. en söluhagnaður var um 23 millj. vegna sölu eigna. Þriggja mánaða uppgjör núna sýnir stöðuna í jafnvægi, einhver kostnaður mun falla til vegna flutninga innanhúss. 1. júlí á að vera búið að tæma Hamragarða, kennslusvið flutti í byrjun vikunnar á 2. hæð. Ljóst að laga þarf hljóðvist á 2. hæð. Kennarar búnir að koma sér fyrir á þriðju hæð vistarinnar (himnaríki) og er ánægja með þá aðstöðu. Nemendur munu innrétta aðstöðu í gömlu búðinni. Farið verður í að skipta um einn stóru glugganna á gömlu vistinni á næstu vikum.

Fjármálastjóri vék af fundi að loknum dagskrárlið 2.

3. Staða umsókna og innritana á haustönn 2018

Rektor kynnir tölur vegna umsókna og innritana á haustönn 2018. Komnar eru 78 umsóknir í grunnám. Á sama tíma í fyrra voru komnar 55 umsóknir í grunnám. 164 umsóknir komnar í meistaranám, en 22 umsóknir eru í nám á ensku en ákveðið hefur verið að fresta því. Í fyrra voru 163 umsóknir í meistaranám. Þá voru komnar 35 umsóknir í háskólagátt, en nú eru þær 19.

4. Gæðamál

Gæðastjóri er að fara yfir regluverk og verklag með starfsfólki í stjórnsýslu um þessar mundir. Var á ráðstefnu í HA í vikunni, m.a. rætt um BOREII á sérstökum fundi. Þangað fór líka verkefnastjóri kennslu. Telur að HB eigi verkfæri til að nota í starfinu, en þurfi að skerpa á hvernig verkfærin eru notuð. Skipulag fyrir gæðastarfið til 2023 verður tilbúið á næstunni. Markmiðið er að tryggja gæðastjórnun innan skólans.

5. Regluverk um kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Framkvæmdastýra kynnir skjölin sem voru send til fulltrúa með breytingartillögum. Farið var yfir skjölin og ein viðbót kom fram um endurskoðun verklagsreglnanna á a.m.k. þriggja ára fresti. Ráðið samþykkir verklagsreglurnar og forvarnaráætlunina og leggur til við rektor að hann samþykki þær.

6. Endurskipulagning vinnuhelga og framþróun kennslu

Rektor ræðir um að ekki hafi verið næg framþróun í kennslu og vinnu á vinnuhelgum í skólanum. Fram kom í rýnihópum að það vantaði meiri kraft í vinnuhelgar, ekki sama stemning og var, nemendur eru meira að mæta af skyldurækni. Kostnaður skipti nemendur líka máli.

7. Önnur mál

- a) Framkvæmdastýra kennslu og þjónustu segir frá breytingum í starfsliði kennslusviðs sem eru framundan.
- b) Búið er að undirrita viljayfirlýsingu á milli Háskóla Íslands og Háskólans á Bifröst vegna innleiðingar nemendaskrárkerfisins Uglu frá 1. ágúst nk. í Háskólanum á Bifröst. Fréttatilkynning um þetta verður send út í næstu viku.
- c) Sigrún Lilja segir frá ferð til Lavarone á Ítalíu til að skoða aðstöðu þar fyrir HB til að setja á stofn alþjóðlegar gráður o.fl. Líklegast verði byrjað á því að koma á ERASMUS samstarfi.

Fundi slitið kl. 16.20

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir